

Reglur um skólaakstur í Sveitarfélaginu Vogum

1. gr.

Skólabifreið

Sveitarfélagið Vogar útvegar bifreið til skólaaksturs og skal sjá til þess að bifreið sú er notuð er til skólaakstursins uppfylli öll ákvæði laga, reglugerða og settra reglna um gerð, búnað og merkingu sem í gildi eru á hverjum tíma.

Sveitarfélagið skal sjá til þess að bifreið sú er notuð er til skólaakstursins sé vátryggð sem og farþegar og bílstjóri.

Rekstrarkostnaður skólabifreiðar greiðist af sérmerktum lið á fjárhagsáætlun Stóru-Vogaskóla. Skólabílstjórar eru starfsmenn umhverfiseildar og eru undir verkstjórn forstöðumanns umhverfis og eigna. Akstur í þágu annarra stofnana sveitarfélagsins er gjaldfærður á þær, sem og laun bílstjóra.

2. gr.

Áætlun

Daglegur skólaakstur er, samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur í upphafi hvers skólaárs, í samræmi við kennsluskipan og aðrar þær þarfir nemenda fyrir akstur sem samkomulag er um að uppfylla.

Bílstjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegsta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Virða ber ákvarðanir skólafirvalda um komutíma skólabíls að og frá skóla. Bílstjóri

má ekki sinna einkaerindum með skólabörn í bílnum né láta slík erindi seinka skráðri brottför skólabíls.

Hafa skal samráð við skólustjóra ef nauðsyn er talin á að fella niður ferð. Ávallt skal hafa opinn farsíma ef breyta þyrfti áætlun. Skólustjóri eða staðgengill hans tilkynnir ökumanni um frávik frá venjubundinni ferðatilhögun og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvarðanir liggja fyrir.

Börn eru sótt á fyrirfram ákveðnar biðstöðvar og á skólalóð á sérmerkt stæði. Á Vatsleysuströnd skal miðað við að börn séu tekin upp í skólabíl við **Þjóðveg 420, Vatsleysustrandarveg**.

Skólustjóra er heimilt að gera undanþágu á ákvæði um biðstöðvar fyrir börn, s.s. í tilfellum líkamlegra og/eða andlega fatlaðra barna.

3. gr.

Öryggi farþega

Bílstjóri skal aðstoða börn í og úr bíl eftir þörfum. Bílstjóri fylgist með því að börnin séu fest í öryggisbelti.

Bílstjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru viðsjárverðar. Skal skólustjórnendum tilkynnt um slíka ákvörðun jafnfljótt og ákvörðun liggur fyrir.

4. gr.

Hegðun í skólabifreið

Nemendur skulu fara eftir almennum skólareglum hvað varðar umgengni um skólabifreið. Skulu þeir og fara eftir óskum bílstjóra í akstri og sitja í sætum sínum með spennt belti. Jafnframt skulu nemendur leggja sig fram um að trufla ekki bílstjóra í akstri.

5. gr.

Trúnaður og þagnaðarheiti

Bílstjóri er bundinn trúnaði og þagnaðarheiti um öll þau mál er hann kann að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Skólabílstjóri hefur upplýsingarskyldu til skólustjóra um þau mál sem upp kunna að koma.

Desember 2016